

Almennir skilmálar vegna hópa

Skilmálar þessir eru viðbót við einstaklings skilmála okkar.

Ticket2Travel áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum án fyrirvara.

Þessar reglur gilda um pöntun og miðlun á flugmiðum milli Ticket2Travel og viðskiptavina sem óska eftir að kaupa flugmiða fyrir hóp.

Hópa pöntun á flugmiðum er fyrir lámark 10 fullorðna einstaklinga.

Skilmálar varðandi hópa eru mjög strangir varðandi greiðslur og afpantanir en þó mismundandi eftir flugfélögum.

Uppgefið hópaverð gildir í 7 – 14 daga en þó mismundandi eftir flugfélögum.

Innan þess tíma þarf að staðfesta hópinn skriflega eða með því að greiða staðfestingar gjald til Ticket2Travel.

Uppgefið verð við staðfestingu er þó háð breytingu á:

1. Gengi erlendra gjaldmiðla
2. Fargjöldum, flugvallarsköttum, þjónustugjöldum og öðrum gjöldum.

Staðfesting á pöntun:

Staðfestingargjald skal ávallt greiða innan tveggja vikna frá bókun, en þó getur það verið mismunandi eftir flugfélögum.

Við staðfestingu á pöntun, greiðist staðfestingargjald sem ákvarðast hverju sinni út frá kröfum þeirra flugfélaga sem pantað er með.

Staðfestingargjald er alltaf óendurkræf

Lokagreiðsla:

Lokagreiða er síðan 90 – 120 dögum fyrir brottför sem ákvarðast hverju sinni út frá þeim flugfélögum sem pantað er með.

Afpöntun:

Ef afpantað er eftir að lokagreiðsla er innt af hendi er enginn endurgreiðsla.

Nöfn farþega:

Öll hópafargjöld eru bundin við að hópurinn ferðist saman bæði út og heim. Sum flugfélög leifa breytingar gegn gjaldi en oftast miðast það við eingöngu 10% farþega. Ticket2Travel tekur einnig þjónustugjald ISK 3.500,- fyrir breytingar. Nöfn þurfa að vera eins og þau eru skrásett í vegabréfi farþega og ber að skila nafnalista í þessu formati! EFTIRNAFN/FORNAFN MILLINAFN MR/MRS. Dæmi: Jonsson/Jon Oli MR

Skattar og gjöld:

Við vekjum athygli á því að uppgefnir skattar og gjöld eru leiðbeinandi og geta breyst við útgáfu á farseðlum.

Útgáfa á farseðlum:

Farseðlar í hópabókun eru gefnir út á bilinu 15 – 59 dögum fyrir brottför en það er samt mismunandi eftir flugfélögum.